

Mál nr. 67/2006

M
og
Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar B
og
Vátryggingafélagið Y v/ bifreiðarinnar A

Ekið á kyrrstæða bifreið á breiðastæði við Ármúla þann 13.10.2005.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 6.4.2006, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 26.4.2006.

Málsatvik.

Bifreiðinni A hafði verið lagt og var mannlaus í bifreiðastæði við Ármúla 5 í Reykjavík. Vitnið, V, tilkynnti þá eiganda A að bifreiðinni B hafi verið ekið aftur á bak og á hægri framhurð A. Við skoðun lögreglu sást beygla í miðri hægri framhurð A í 63 cm hæð og þar mátti sjá einhvern dökkan lit.

Fyrrgreint vitni kvað B hafa fyrst verið ekið aftur á bak, síðan áfram, en ekki komist. Þá hafi henni verði ekið aftur á bak öðru sinni sem varð til þess að hún rakst á A. Ökumaður B hafi farið út úr bifreiðinni og gengið aftur fyrir bifreið sína, en síðan farið aftur inn í bifreiðina og ekið á brott. Hafi ökumaðurinn sýnilega gert sér grein fyrir að hann hafi ekið á A.

Ökumaður B kvaðst hafa lagt bifreið sinni í bifreiðastæði við Ármúla 5. Hann hafi ekið bifreiðinni aftur á bak út úr bifreiðastæðinu, en ekki orðið þess var að hann hafi ekið á bifreið (A) sem hafi átt að vera í bifreiðastæði fyrir aftan B. Ökumaðurinn kvað útilokað að hann hafi bakkað á A, þar sem hann hafi ekki fundið fyrir því. Hann kvaðst hafa litið aftur fyrir sig þegar hann bakkaði út úr stæðinu umrætt sinn og ekki orðið var við að bifreið hafi verið lagt fyrir aftan hann.

B er af gerðinni Jeep Cherokee. Samkvæmt skoðun lögreglu var afturstuðari hennar allur í smárispum sem ekki var hægt að greina hvort væru nýjar eða gamlar.

Álit.

Lýsing vitnisins V á því hvernig atvikið bar að höndum er afdráttarlaus. Þrátt fyrir mótmæli ökumanns B þykir mega leggja framburð vitnisins til grundvallar um það að B hafi verið ekið á A í umrætt sinn. Ber ökumaður og eigandi B því ábyrgð á tjóni því sem hlaut á A.

Niðurstaða.

Eigandi og ökumaður B ber ábyrgð á tjóni á A.

Reykjavík, 9. maí 2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.